Ár 1973, mánudaginn 29. október, var í málinu nr. 49/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

**úrskurður:**

Málavextir eru þeir, að árið 1973 lagði Reykjavíkurborg fasteignaskatt á húseignina nr. 53 A við Laugaveg, en fasteign þessi er eign Fylkingarinnar-baráttusamtaka sósíalista. Hefur Borgarráð síðan hafnað tilmælum um, að umrædd húseign verði látin njóta undanþágu frá fasteignaskatti.

Af ofangreindu tilefni hefur Fylkingin-baráttusamtök sósíalista ritað Yfirfasteignamatsnefnd bréf, dags. 26. júlí 1973, þar sem óskað er eftir úrskurði nefndarinnar um skyldu samtakanna til að svara fasteignaskatti af umræddri húseign. Eru þau tilmæli rökstudd með því, að húseignin sé notuð sem félagsheimili. Falli hún þar af leiðandi undir undanþáguákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglug. nr. 320/1972 um fasteignaskatt eru undantekningarákvæði, sem skýra verður þröngt. Til félagsheimila í skilningi nefndra ákvæða verða þannig aðeins talin samkomuhús, er hafa verið reist og hlotið viðurkenningu með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili, sbr. áður 2. og 3. gr. laga nr. 77/1947 ásamt síðari breytingum. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, fullnægir umrædd húseign ekki þessu skilyrði, og brestur því lagaheimild fyrir undanþágu frá fasteignaskatti.

**ÚRSKURÐARORÐ:**

Fylkingunni-baráttusamtökum sósíalista er skylt að svara fasteignaskatti af fasteigninni nr. 53 A við Laugaveg í Reykjavík.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson

Rétt afrit staðfest.
Reykjavík, 29. október 1973.
YFIRFASTEIGNAMATSNEFND